Mánudaginn 14. desember 1992.

Nr. 224/1991. **Iðunn Ása Hilmarsdóttir**

gegn

Byggingarsjóði ríkisins,
Íslandsbanka hf.,
Húsasmiðjunni hf.,
Landsbanka Íslands,
tollstjóranum í Reykjavík,
Hreini Hjartarsyni,
Erni Valdimarssyni,
Gjaldheimtunni í Reykjavík,
Verðbréfamarkaði Fjárfestingarfélagsins hf.,
Rafmagnsveitu Reykjavíkur,
Sanitas hf.,
Póst- og símamálastofnun,
Sambandi íslenskra samvinnufélaga,
Hljóðvarpi hf.,
Freyju hf.,
Plastprenti hf.,
Hans Petersen hf.,
Jumbó matvælaiðju hf.,
Árvakri hf.,
Sjóvá-Almennum tryggingum hf.,
Tryggingu hf.,
Smjörlíki hf.,
Dagblaðinu Tímanum,
Osta- og smjörsölunni sf. og
Kökugerð Þorkels Sigurðssonar.

Kærumál. Mál fellt niður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 7. mars 1991. Útivist varð af hálfu áfrýjanda, er þingfesta skyldi málið 3. maí 1991, og féll það niður. Sóknaraðili

skaut málinu að nýju til Hæstaréttar með stefnu 30. maí s. á. samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Áfrýjað var þriðja og síðasta nauðungaruppboði, sem fram fór 21. febrúar 1991, á fasteigninni Gerðhömrum 9 í Reykjavík. Í stefnu kvaðst sóknaraðili gera þær kröfur, „að hin áfrýjaða uppboðsgerð verði ómerkt og synjað verði að öllu leyti um framgang uppboðsgerðarinnar". Þá krafðist hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir málið meðferð kærumála fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992. Með bréfi Hæstaréttar 24. júní sl. var aðilum málsins gefinn kostur á að skila greinargerð í málinu. Ágrip skjala málsins hafa borist Hæstarétti ásamt greinargerð sóknaraðila.

Með bréfi lögmanns áfrýjanda, Björgvins Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 11. þ.m. var þess óskað, að málið yrði fellt niður.

Varnaraðili Gjaldheimtan í Reykjavík hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar og krafist kærumálskostnaðar.

Samkvæmt framansögðu verður mál þetta fellt niður, en sóknaraðili dæmdur til að greiða kærumálskostnað, eins og segir í dómsorði.

Dómsorð:

Mál þetta fellur niður.

Sóknaraðili, Iðunn Ása Hilmarsdóttir, greiði varnaraðila Gjaldheimtunni í Reykjavík 20.000 krónur í kærumálskostnað.